

Krauma ehf
Jónas Friðrik Hjartarson
Deildartungu 3
320 Reykholti

Reykjavík 5. apríl 2018
UST201803-322/B.S.
09.04.01


Efni: Umsögn - svæði á náttúruminjaskrá, Deildartunguhver


Vísað er til bréfs Kraumu ehf dags. 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um þá fyrirætlun að koma fyrir færanlegum hreinlætisgámi við Deildartunguhver. Gámnum 6x2,4 m að flatarmáli verður komið fyrir austan megin við stöðvarhús Veitna og jafnframt er ráðgert að setja niður rotþró við gáminn.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að bæta hreinlætisaðstöðu á þessum ferðamannastað. Nánasta umhverfi Deildartunguhvers er að talsverðu leyti manngert þannig að gámur af þeirri stærð sem hér um ræðir breytir litlu varðandi ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun telur að unnt eigi að vera að koma rotþró fyrir án þess að verulegt jarðrask hljótist af, en leggja ætti áherslu á að þjónusta aðstöðuna og tæma þóna reglulega.

Umhverfisstofnu vill benda á að það svæði á náttúruminjaskrá sem hér um ræðir nær yfir nokkuð stórt og fjölbreytt svæði. Stofnunin telur að leggja eigi áherslu á að takmarka eins og kostur er neikvæð áhrif á Reykjadalá og lífríki hennar sem skapast hefur af samspili árinna og jarðhitasvæðisins.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri